

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	28.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinsson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í álver Alcoa Fjarðaráls á Reyðarfirði. Eitt frávik kom fram við eftirlit en engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í álver Alcoa Fjarðaráls á Reyðarfirði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
 - Rykmælingar, sbr. tilkynningar frá 17. maí, 30. maí og 5. september
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (gr. 2.1-2.8)
- Kælikerfi (gr. 2.15)
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir tilkynningar rekstraraðila frá 17. maí og 5. september varðandi rykmælingar í álverinu. Niðurstöður rykmælinga fyrir árið 2021 bárust í maí sl. og samkvæmt þeim voru fjórar mælingar yfir starfsleyfismörkum, þrjár í löndunarbúnaði og ein í steypuskála. Sömuleiðis var ryk yfir starfsleyfismörkum í löndunarbúnaði í júní sl. Fram kom í eftirlitinu að rekstraraðili væri að rannsaka orsakir þessara niðurstæða og meta til hvaða aðgerða þyrfti að grípa.

Rekstraraðili fór yfir varnir gegn mengun ytra umhverfis, s.s. virkni hreinsivirkja, áskoranir og mögulegar umbætur. Rætt var um nýafstaðinn storm sem hafði haft umtalsverð áhrif á Reyðarfirði og valdið skemmdum á byggingum, þ.m.t. hjá álverinu þar sem m.a. þakplötur fóru af kerskála og skemmdir urðu á gardinum í kjallara. Vegna veðurs urðu mælar óvirkir og stakar mælingar ómarktækar í hreinsivirkjum og rjáfri kerskála. Farið var yfir þær aðgerðir sem rekstraraðili greip og mun þurfa að grípa til vegna veðursins og afleiðinga þess.

Stuttlega var rætt um kælikerfi álversins og uppbyggingu þess.

Farið var í skoðunarferð um kerskála og steypuskála og ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 2.4 í starfsleyfi

Rykmagn í útblásturslofti sem berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, að undanskildum útblæstri frá kerskála og þurrhreinsibúnaði, skal vera minna en 50 mg/Nm³ miðað við klukkustundar meðalgildi og eðlilegt loftmagn frá starfsemi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.12.2022



Sigríður Magnúsdóttir

